

09. október 2020

Ágætu aðstandendur

Framkvæmdastjórn HSA hefur endurskoðað reglur um heimsóknir til íbúa hjúkrunarheimila HSA. Heimsóknarreglur á hverjum tíma taka mið af útgefnum leiðbeiningum Embættis Landlæknis

Heimsóknarreglur:

- Allir gestir skulu nota maska á meðan heimsókn stendur.
- Gestir sem hafa dvalið á höfuðborgarsvæðinu s.l. 14 daga komi ekki í heimsókn nema með leyfi deildarstjóra.
- **Aðeins einn gestur** er leyfður í heimsókn til hvers íbúa og aðeins ein heimsókn á dag. Deildarstjóri getur veitt undanþágu ef hann metur það nauðsynlegt:
 - Íbúi er á lífslokameðferð
 - Íbúi veikist skyndilega
 - Um er að ræða neyðartilfalli
 - Hann metur það svo að nauðsynlegt sé að rjúfa þessa reglu
- Ekki eru ákveðnir heimsóknartímar fyrir gesti en þeir **eru beðnir um að fara rakleiðis að herbergi íbúa og aftur að útidyrum að heimsókn lokinni**. Ef íbúi býr á tvíbýli þarf að finna heimsókninni annan afmarkaðan stað á deildinni.
- Gestir mega ekki staldra við í sameiginlegum rýmum heimilis.
- Gestir skulu virða 1 metra nándarmörk og forðast beina snertingu við íbúa (á ekki við um hjón og sambúðarfólk).
- Gestir þvo hendur með sápu og spritta áður en gengið er inn á heimili og einnig við brottför. Þeir forðast beina snertingu við íbúa eins og hægt er. **MUNIÐ 1 metra nándarmörk!**
- **Gestir mega ekki koma í heimsókn ef þeir:**
 - eru í sóttkví.
 - eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu úr sýnatöku).
 - hafa dvalið erlendis eða á höfuðborgarsvæðinu og ekki eru liðnir 14 dagar frá heimkomu.
 - hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).

Aðstandendur sem hyggja á heimsóknir inn á hjúkrunarheimili HSA eru sérstaklega beðnir um að gæta ýrustru smitvarna í sínu daglega lífi og með því minka líkur á smiti.

*Með vinsemd og virðingu,
Framkvæmdastjórn HSA*